



Reykjavík, 6.1.2021

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um netöryggissveit (CERT-ÍS)

Inngangur

Vodafone vísar til draga samgöngu og sveitastjórnarráðuneytisins til reglugerðar um netöryggissveit (CERT-ÍS). Markmið reglugerðar er að innleiða nánari útfærslur á starfsemi netöryggissveitar Póst og fjarskiptastofnunar sem starfrækt er á Íslandi samkvæmt lögum nr. 81/2003 um fjarskipti, lögum nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða og lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Vodafone hefur yfirfarið drögin og vill góðfúslega koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum til ráðuneytisins fyrir hönd félagsins.

Umsögn Vodafone

Eftirfarandi athugasemdir eru um drögin:

III. KAFLI Hlutverk og verkefni

- 8.grein

Samkvæmt 8.grein skal netöryggissveit „*eins fljótt og kostur er, bregðast við tilkynningum um atvik og óhættu samkvæmt ...*“

Vodafone telur að betur þurfi að koma fram í reglugerð hver tímarammi þjónustu netöryggissveitar er þar sem netöryggissveit hefur ekki bakvaktir hingað til og því ekki til taks þegar atvik gerast utan dagvinnutíma. Vodafone bendir á að ef netöryggissveitin á að vera það samhæfingarafl sem henni er ætlað að þá þurfi þjónusta hennar að vera samfelld.

V. KAFLI Samningar við netöryggissveit.

- 21. og 22. grein



Í 21.grein annars vegar er fjallað um að “Netöryggissveit getur boðið mikilvægum innviðum að gera samninga um tæknilega vöktunarþjónustu” og hins vegar í 22.grein er fjallað um að “Netöryggissveit getur farið fram á að fjarskiptafyrirtæki geri samning við sveitina um tæknilega vöktun og skal fjarskiptafyrirtæki verða við slíkri beiðni.”

Vodafone telur óeðlilegt að gerður sé slíkur greinamunur á þjónustuhópum netöryggissveitar. Það að skylda fjarskiptafyrirtæki til að setja upp búnað til tæknilegrar vöktunar en ekki aðra þjónustuhópa geta talist íþyngjandi.

- 22.grein

Í 22.grein kemur fram að fjarskiptafyrirtæki skuli “... hýsa og tengja eigin búnað við búnað netöryggissveitar sem nauðsynlegur er til að framkvæma tæknilega vöktun samkvæmt ákvæði þessu, endurgjaldslaus”.

Vodafone telur að nánari útfærsla þurfi að vera á hvað teljist tæknileg vöktun. Einskorða ætti slíka vöktun t.d. aðeins við mikilvæga fjarskiptainnviði. Einnig telur Vodafone óeðlilegt sé að vinna við slíkt sé endurgjaldslaus. Eðlilegra væri að hún væri á kostnaðarverði.

- 23.grein

Í 23.grein segir að netöryggissveit sé heimilt að „... afla tölfærðilegra upplýsinga um heildarmagn umferðar í almennum netkerfum fjarskiptafyrirtækja, þar með talið á samtengipunktum og í útländagáttum“ og að um „efni slíkra samninga og endurgjald fer samkvæmt 1. og 2. mgr. 22.gr“

Vodafone telur óeðlilegt að slík vinna sé með öllu endurgjaldslaus og eðlilegra að hún væri á kostnaðarverði.

Lokaorð.

Vodafone telur að betur þurfi að skýra ákveðna þætti sveitarinnar ásamt því að tryggja að kostnaður við starf sveitarinnar sé jafndeilt á þjónustuhópa hennar.

Bæring Logason
Gæða- og öryggisstjóri
baeringl@vodafone.is